

Arnarlax ehf.  
Strandgötu 1  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 24.9.2024  
UST202406-017/A.E.H.  
08.12.02

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. júní 2024 - Arnarlax ehf, Gileyri, Tálknafirði, ID 248

Þann 11. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit hjá Arnarlaxi ehf, í Gileyri í Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram. Olúgeymir var óvarinn á stað sem var opinn fyrir akandi umferð. Í eftirlitinu 11. júní sl. var búið að færa olúgeyminn úr akstursleið og setja stórt grjót til að verja hann fyrir aksturstækjum. Telst því frávikinu lokað.

### Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

- Töluvert af fugli var við frárennslið.
- Rekstraraðila er bent á að skrá afföll í ársyfirlitið og græna bókhaldið.

### Eitt frávik komu fram er varða:

- Samkv. starfsleyfi 2.12.2023. Rekstraraðili hefur heimild til að starfrækja land- og kvíaelði að 200 tonnum á Gileyri við Tálknafjörð. Framleiðsla ársins 2023 var 239 tonn, sem eru 39 tonn yfir heimild. Rekstraraðili fékk nýtt starfsleyfi 18. janúar 2024 með heimild upp á 1000 tonn. Telst því frávikinu lokað.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
sérfræðingur